

DV

Um helgina

Borgarleikhúsið:

Dúfnaveislan

Fyrsta frumsýning hjá Leikfélagi Reykjavíkur í vetur er Dúfnaveislan eftir Halldór Laxness og verður hún í kvöld, föstudaginn 20. september. Það er sonarsonur skáldsins, Halldór Einarsson Laxness, sem setur Dúfnaveisluna á svið en þetta er í annað sinn sem sjónleikurinn er sýndur á vegum LR.

Halldór samdi þennan „skemmtunarleik“ á árunum 1965 og 1966 en þá um vorið var verkið frumsýnt í lónó. Það naut talsverðrar hylli áhorfenda á þeim tíma þótt margt kæmi þeim furðulega fyrir sjónir. Verkið fjallar um pressarahjónin sem fluttu á mölina en þau bjuggu áður suður með sjó. Þau hafa á ævi sinni safnað auði því þau eru þurftalítil. Dag nokkurn kemur starfsmaður verðlagseftirlitsins til þeirra og sér að á heimilinu er drepíð í hvert horn með peningaseðlum. Hann býðst til að ávaxta féð en fær hjónin

um leið til að taka stúlkubarn í fóstur. Tíu árum síðar er stúlkun gjafvaxta og pressarinn ríkasti maðurinn í bænum.

Dúfnaveislan er sérkennilegt verk. Undir yfirbragði fyndinnar og snjallrar orðræðu búa spennandi og afdrifarík átök. Höfundurinn spyr áleitinna spurninga um breytingar samfélags okkar frá nauðpurftabúskap til velferðar. Hann skoðar gildismat ólíkra kynslóða og ólíkra heima. Verkið er umfram allt mikið sjónarspil og nýtur þar leikmyndar Sigurjóns Jóhannssonar í lýsingu Ingvars Björnssonar. Með aðalhlutverk í sýningunni fara Þorsteinn Gunnarsson, Valgerður Dan, Bára Lyngdal Magnúsdóttir, Harald G. Haralds og Björn Ingi Hilmarsson en alls taka átján leikarar þátt í sýningunni. Höfundur tónlistar er Jóhann G. Jóhannsson.



Dúfnaveislan eftir Halldór Laxness verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu í kvöld. Það eru Valgerður Dan og Þorsteinn Gunnarsson sem leika pressarahjónin. DV-mynd Brynjar Gauti

Kjarvalsstaðir:


Samsýning Gretars og Guðjóns

Myndlistarmennirnir Gretar Reynisson og Guðjón Ketilsson opna sýningu í austursal Kjarvalsstaða á morgun laugardaginn 21. september. Þeir hafa ekki áður verið með einkasýningu að Kjarvalsstöðum en verið með í samsýningum þar. Gretar og Guðjón útskrifuðst báðir frá Myndlista- og handiðaskóla Íslands árið 1978 en þetta er í fyrsta sinn sem þeir sýna saman.

Guðjón stundaði framhaldsnám í Kanada og hefur síðan haldið átta einkasýningar og tekið þátt í samsýningum á Íslandi, Kanada, Finnlandi, Svíþjóð og Sviss. Guðjón sýnir

á sýningunni að Kjarvalsstöðum málverk og tréskúlpúta og eru verk-in unnin á síðastliðnum þremur árum.

Gretar dvaldi að námi loknu í Hollandi. Þetta er níunda einkasýning Gretars, en hann hefur einnig tekið þátt í samsýningum bæði hér heima og erlendis. Gretar er einnig meðal okkar þekktustu leikmyndateignara og hefur gert á þriðja tug leikmynd í leikhúsum Reykjavíkur. Á sýningunni á Kjarvalsstöðum sýnir Gretar ný myndverk unnin með akrýl, olíu og blýanti á krossvið, striga, jarn og pappir.



Gretar Reynisson og Guðjón Ketilsson voru að vinna að uppsetningu myndar sinna á Kjarvalsstöðum þegar ljósmyndara bar að garði. DV-mynd BG



Stjórnendur Íslensku hljómsveitarinnar á hennar tíunda starfsári, þeir Hákon Leifsson, Guðmundur Óli Gunnarsson, Páll P. Pálsson, Guðmundur Emilsson, Ragnar Björnsson og Örn Óskarsson. Þakkartónleikar hljómsveitarinnar verða haldnir í Bústaðakirkju á sunnudaginn klukkan 16.

Þakkartónleikar í Bústaðakirkju:

Íslenska hljómsveitin tíu ára

Um þessar mundir eru tíu ár liðin frá stofnun Íslensku hljómsveitarinnar. Af því tilefni er efnt til sérstakra þakkartónleika í Bústaðakirkju, sunnudaginn 22. september klukkan 16.00. Félagar í samtökum um hljómsveitina, sem eru alls á sjöunda tug talsins, flytja þar stór og smá kammerverk eftir þau Karólínu Eiríksdóttur, Þorkel Sigurbjörnsson, Hróðmar I. Sigurbjörnsson, Leif Þórarinsson, Jón Nordal, Arna Björnsson og Jón Ásgeirsson.

Fjórir hljómsveitarstjórar stjórna viðameiri verkum tónleikanna, þeir Guðmundur Óli Gunnarsson, Örn Óskarsson, Hákon Leifsson og Guðmundur Emilsson. Einsöngvararnir Elísabet F. Eiríksdóttir og Sigurður Bragason

flytja einsöngslög við undirleik Þóru Friðu Sæmundsdóttur. Tónleikarnir eru tileinkaðir þeim fjölmörgu einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum er lagt hafa lóð á vogarskálar hljómsveitarinnar í tíu ár, þar á meðal eru ríki og borg.

Tónleikarnir eru þó sérstaklega helgaðir minningu tveggja manna, er létust á liðnu ári og stóðu öðrum fremur vörð um starfsemi hljómsveitarinnar, þeirra Vals Arnþórssonar bankastjóra og sr. Emils Björnssonar.

Sex tónleikar eru fyrirhugaðir á afmælisárinu og eiga það sammerkt að þar hljóma eingöngu innlendar tónsmíðar. Með þessu er minnt á höfuðmarkmið hljómsveitarinnar, sem er að styðja við bak innlendra tónskálda og tónlistar-

manna. Hljómsveitin hefur falast eftir, frumflutt og hljóðritað á fimmta tug innlendra tónverka á ferli sínum. Hátt á annað hundrað tónlistarmenn hafa leikið í hljómsveitinni í lengri eða skemmri tíma og fjölmargir einleikarar og einsöngvarar þreytt frumraun sína með henni, þar á meðal í óperuflutningi. Hljómsveitin hefur leikið víða, þar á meðal á Akureyri og í Vestmannaeyjum en lengst komist til Svíþjóðar í tónleikaför.

Hljómsveitin hefur og verið þýðingarmikill vettvangur innlendra hljómsveitarstjóra. Í ár koma við sögu þeir Páll P. Pálsson og Ragnar Björnsson auk þeirra sem áður er getið.

Klæðaverksmiðja Álafoss í Mosfellsbæ:

Haukur og Tolli


Listamennirnir Haukur Dór og Tolli opna á morgun, laugardaginn 21. september, samsýningu í klæðaverksmiðju Álafoss í Mosfellsbæ. Þeir Tolli og Haukur Dór eru báðir þekktir listamenn hérlendis og erlendis og hafa haldið fjölmargar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum.

Tolli, eða Þorlákur Kristinsson, fæddist 1953 og stundaði nám við Myndlista- og handiðaskóla Íslands árin 1978-1983 og við Hochschule der Künste í Berlín árin 1983-1984.

Haukur Dór fæddist 1940 og stundaði nám í málalartist og keramik í

Reykjavík, Edinborg og Kaupmannahöfn snemma á sjöunda áratugnum. Hann var lengi mikilvirkur og leiðandi leirlistarmaður og á tímabili snerist hann einnig á sveif með SÚM-hópnum sem blés nýju lífi í íslenska myndlist. Haukur Dór hefur lengi verið að heiman, í Bandaríkjunum, á Spáni og nú síðast í Danmörku.

Sýningin stendur til 20. október og er opin frá klukkan 16-21 á föstudögum og 11-21 á laugardögum og sunnudögum. Aðrir tímar eru eftir samkomulagi.



Listamennirnir Haukur Dór og Tolli opna á morgun, laugardag, samsýningu í klæðaverksmiðju Álafoss í Mosfellsbæ.